

Alþingi
b.t. Atvinnuveganefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2023

Efni: 751. mál. Frumvarp til breytinga á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015.

Á grundvelli laga um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015 ber Samgöngustofu að hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt. Með umferðaröryggi að leiðarljósi telur stofnunin mikilvægt að leggja áherslu á eftirlit með ástandi ökutækja.

Samgöngustofa telur þörf á að efla eftirlit með leigu skráningarskyldra ökutækja og byggir það mat m.a. á samskiptum við og ábendingum frá viðskiptavinum ökutækjaleiga. Þá hefur reynslan sýnt að Samgöngustofa getur í dag ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu með fullnægjandi hætti vegna skorts á fjármagni með málaflöknum.


Samkvæmt 3. gr. núgildandi laga skal starfsleyfisgjald standa undir kostnaði við útgáfu leyfis sem og kostnaði við eftirlit. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því að starfsleyfisgjald standi undir kostnaði við eftirlit, og fari eftir gjaldskrá Samgöngustofu er vandamálið að leyfin eru ótímabundin og þarfnast engrar endurnýjunar. Gjaldið á að standa undir kostnaði við umsýslu leyfa, ýmis konar upplýsingagjöf sem stofnunin veitir ökutækjaleigum og viðskiptavinum þeirra og eftirliti um ókomna tíð, óháð hversu lengi hver ökutækjaleiga verður í rekstri.

Að mati Samgöngustofu væri rétt að annað hvort tímabinda starfsleyfi eða kveða á um skyldu starfsleyfishafa til greiðslu árgjalds vegna eftirlits. Samgöngustofa bendir á að tímabundin starfsleyfi fela sjálfkrafa í sér ákveðið eftirlit og aðhald í ljósi þess að við endurnýjun þurfa leyfishafar að sýna fram á að þeir uppfylli skilyrði fyrir leyfisveitingu. Auk þess stuðlar það að betri yfirsýn yfir hvaða leyfishafar eru með raunverulega starfsemi og gerir eftirlitsaðila kleift að sinna eftirliti með skilvirkari hætti. Nú eru 138 ökutækjaleigur með gilt starfsleyfi og þyrfti breyting á þá vegu að tímabinda starfsleyfin að ná til ökutækjaleiga með gilt starfsleyfi í dag. Að mati Samgöngustofu er líkt og áður segir núverandi staða alvarleg þar sem stofnunin getur að öllu óbreyttu ekki geta haldið uppi öflugum eftirliti. Samgöngustofa leggur því til breytingar á 2. mgr. 3. gr. laganna, svohljóðandi:

2. mgr.: Í stað „Starfsleyfi er ótímabundið“ kemur: „Starfsleyfi gildir í fimm ár“.

Með vísan til framangreinds telur Samgöngustofa nauðsynlegt að bætt verði úr þannig að stofnunin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Að öðrum kosti kann að vera nauðsynlegt að gera breytingar á 10 gr. lagana um eftirlit Samgöngustofu þannig að hlutverk stofnunarinnar sé skilgreint í samræmi við það fjármagn sem fylgir verkefninu.

Virðingarfyllst,



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar



Sigurjóna Hreindís Sigurðardóttir
deildarstjóri leyfisveitinga og ökunáms